

Nd.

517. Frumvarp til laga

[232. mál]

um breyting á lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.

(Eftir 3. umr. í Ed., 16. mars.)

1. gr.

14. gr. laga nr. 85/1968 orðist svo:

Ákvæði um skráningu eiturefna og hættulegra efna til sérstakra nota.

14. gr.

Eiturefni og hættuleg efni, hrein og blönduð má því einungis selja eða flytja til landsins og nota sem plöntulyf, örgresisefni, stýriefni eða útrýmingarefni, þar með talin aflífunarefni, að þau hafi sérstaklega verið skráð á listum yfir slík efni, annaðhvort með samheiti eða með sérheiti framleiðanda, sbr. 2. mgr. 2. gr. Ákvæði þessi taka einnig til örvera eða hluta lífvera („biological products“), ef þau eru notuð í sama skyni. Ráðherra setur nánar ákvæði um framangreint efni í reglugerð.

Ráðherra getur að fengnum tillögum eiturefnanefndar látið ákvæði 1. mgr. um skráningu á lista einnig ná til eiturefna og hættulegra efna, sem ætluð eru til annarra nota en þar segir, svo sem fúavarnarefna, fegrunar- og snyrtiefna og lífrænna leysi-efna. Skal þá kveða nánar á um skráningu slíkra efna í reglugerð, þ. á m. um notkun og bann við notkun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.